



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Engjaborg

VELLÍÐAN VIRÐING SKÖPUN

2026 – 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
2.1	Ytra mat.....	4
2.2	Innra mat.....	4
2.2.1	Innra mat Vesturengi.....	5
2.2.2	Innra mat Norðurengi.....	6
2.2.3	Innra mat Austurengi.....	7
2.2.4	Innra mat Suðurengi.....	8
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	9
3.1	Umbótaáætlun Engjaborgar 2026-2027	9
3.2	Umbótaáætlun Vesturengis 2026-2027.....	10
3.3	Umbótaáætlun Norðurengis 2026-2027.....	11
3.4	Umbótaáætlun Austurengis 2026-2027	12
3.5	Umbótaáætlun Suðurengis 2026-2027.....	13
4.	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	14
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	14
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
7.	Foreldrasamstarf	15
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
9.	Fylgiskjöl:	15
9.1	Skóladagatal.....	15
9.2	Matsáætlun Engjaborgar	17
9.3	Umsögn foreldraráðs.....	19



1. Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólaárið 2025-2026 lögðum við áherslu á að festa Námskrá Engjaborgar enn betur „í veggina“.

Í vetur hafa verið margar áskoranir vegna mannabreytinga bæði í starfsmannahópnum og stjórnendateymi leikskólans. Þetta allt hafði áhrif á allan starfsmannahópinn og faglegt starf leikskólans. Þessar áskoranir hafa verið lærdómsríkar og krefjandi, en barnahópurinn hefur verið einstaklega gefandi og góður. Foreldrar eru í jákvæðum og stöðugum samskiptum, þau eru stuðningsrík og samvinnufús.

Vegna mannabreytinga hefur komið töluvert af nýju starfsfólki og fólk færst til í nýjar stöður innan stjórnendateymis. Móttaka nýliðanna hefur gengið vel og flestallir þeirra passa vel inn í starfsmannahóp Engjaborgar. Einnig eru stjórnendur leikskólans og deildarstjórar margir hverjir ungir og nokkuð óreyndir sem stjórnendur sem hefur verið áskorun en þó hefur tekist að halda uppi faglegu starfi að mestu. Þó viljum við gera enn betur næsta vetur og slípa starfið og starfsfólkið betur saman.

Á liðnu skólaári voru deildarnar töluvert flóknar með tilliti til aldursskiptingar og voru sem dæmi elstu börnin skipt á Norðurengi og Vesturengi. Á næsta skólaári verður elsta deildin aldurshreinn en hinar deildarnar verða aðeins blandaðar.

Leikurinn verður eins og hann á að vera í leikskóla meginnámsleið barnanna og áfram verður mest áhersla lögð á hann. Frjáls leikur á morgnanna og flæðið eftir hádegi verður áfram á sínum stað ásamt útiveru. Við munum einnig leggja áherslu á tengsl, bæði milli barna og milli barna og starfsfólks. Við viljum að öllum börnum líði vel á leikskólanum og góð tengsl við hin börnin og starfsfólk er mikilvægur þáttur í því.

Við munum einnig halda áfram að skapa gott námsumhverfi innan leikskólans bæði með því að skoða og bæta leikefni, húsgögn og annað innan leikskólans. Við þurfum að henda mörgu vegna raka á síðasta leikskólaári. Einnig viljum við bæta málumhverfi og það umhverfi sem starfsfólkið skapar. Við viljum að börnin séu spennt að koma í leikskólann, eigi vini og séu stolt af leikskólanum sínum.

Ólafur Jónsson





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

2.1 Ytra mat

Gerð var starfsmannakönnun þetta skólaárið og eru helstu niðurstöður hér fyrir neðan

Hvað var metið?	Stofnun ársins
Hvernig fór matið fram?	Framkvæmt af Reykjavíkurborg og sendur spurningarlisti á starfsmenn í gegnum tölvupóst.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Öllu starfsfólki var boðið að taka þátt og völdu 40% starfsfólks að gera það.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Spurt var um níu þætti og skoraði Engjaborg hærra en meðaltal eða jafnt og meðaltal í sjö af níu þáttum könnunarinnar nema þar sem spurt er um launkjör og starfsanda. Heildarmat Reykjavíkurborgar er 4,18 og það er það líka hjá Engjaborg. Þættirnir stjórnun og jafnrétti eru hæstu þættirnir, þar á eftir sjálfstæði í starfi og ánægja og stolt en lægst eru launakjör og vinnuskilyrði. Niðurstöður voru kynntar á stjórnarteymisfundi þann 2. mars. Niðurstöðurnar voru lagðar fram á kaffistofu svo allir starfsmenn hefðu aðgang að. Rætt var um niðurstöður í sameiningu og meðal annars var atriðinu hljóðvist vísað í fundarröð þar sem fundað var og lagðar til lausnir.

2.2 Innra mat

Í Engjaborg er meðal annars notað símat til að halda utan um innra mat. Notaðir voru deildarfundir, stjórnarteymisfundir og fundaraðir til að meta. Í kjölfar mats á fundum voru fundnar lausnir og komið í umbætur og gerðar fundargerðir.

Unnið var með gátlista menntastefnunnar. Deildastjórar fengu listana afhenta og fóru yfir með sinni deild. Hver listi var 6 vikur og í upphafi tímabils var farið yfir þá á deildarfundum og gerð umbótaáætlun eftir það.

Barnateymi hittist einu sinni í mánuði og fer yfir ákveðin mál sem tengjast öðrum teyrum. Fundagerð frá barnateymi fer síðan til viðkomandi teymis. Í barnateymi eru börn af elstu þrem deildunum og verkefnastjóri. Börnin hafa val um að koma í teymi og er það mjög vinsælt.



2.2.1 Innra mat Vesturengi

Styrkleikar

Þátttaka barna: Það voru gerð hin ýmsu hlutverk og verkefni sem börnin tóku þátt í. Börnin komu með hugmyndir af verkefnum og hlutverkum sem að þau framkvæmdu svo. Börnin voru mjög áhugasöm og fannst þetta gaman.

Flæðibækur: Börnin höfðu mikinn áhuga á gerð flæðibókar þau tóku þátt og voru stolt af afrakstrinum. Flæðibókin hangir fyrir framan deild.

Opinn leikfni/einingakubbar: Einingakubbum var gefið meira rými á deildinni og starfsfólk deildar fékk fræðslu um efniviðinn. Opinn efniviður sem hægt var að nota sem ítarefni með kubbum var aukinn og börnin eyddu meiri tíma í leik í kubbum en áður.

Sjálfsprotinn leikur: Mikil áhersla var lögð á sjálfsprottinn leik. Gerð voru auka rými til þess að betra næði fengist fyrir leikinn og aukið við efnivið eftir þörfum fyrir þróun leikskins. Börnin eyddu miklum tíma í sjálfsprottnum leik sem jók jákvæð samskipti og inngildingu.

Tækifæri

Málrækt: Það væri kjörið tækifæri að auka við sögugerð og sögustundir. Einnig mætti vinna meira með orðaspjall og efnivið sem að styrkir hljóðkerfisvitund.

Flæðibækur: Grípa þarf tækifærin þegar börnin eru að vinna að ákveðnu verkefni sbr. könnunaraðferðin og búa til flæðibækur og mikilvægt er að allt starfsfólk taki þátt og leggi sitt af mörkum.

Opið leikfni/einingakubbar: Einingakubbum verður gefið meira rými fyrir flóknari byggingar sem geta fengið að standa áfram og þróast í lengri tíma. Einnig hvetjum við börnin til þess að nýta opinn efnivið með einingarkubbum.

Sjálfsprotinn leikur: Að starfsfólk styðji við leik barna og þjálfist í að sjá tækifæri þar sem hægt væri að dýpka leik barnanna. Starfsfólk viti hvað er að gerast í leiknum og nýti það til að fá hugmyndir að efnivið og breyttu námsumhverfi.

2.2.2 Innra mat Norðurengi

Styrkleikar

Málrækt: Í hverri viku völdum við tvær bækur sem við lásum fyrir börnin. Ein bók fyrir eldri hóp og önnur fyrir yngri hóp. Valin voru nokkur orð úr þessum bókum sem kennd voru samkvæmt Orðaspjallsaðferðinni. Þar er megináhersla lögð á millilag orðaforðans, orðin sem eru ekki algeng í talmáli. Orðaspjallsaðferðin var þróuð á grundvelli rannsókna sem sýndu að markviss orðakennsla hafði jákvæð áhrif á lesskilning barna.

Skráningar: Við lögðum áherslu á að allt starfsfólk á deildinn væri virkt að gera skráningar í ferilmöppur. Gert var plan um hver gerði hvaða skráningu og gekk vel að fylgja því eftir.

Leikefni: Reglulega var skipt út leikefni og breytingar gerðar á leikumhverfinu á deildinni. Tekið var þar tillit til áhuga og óska barnanna. Sérstök áhersla var lögð á einingakubbana og opinn efniviður settur þar reglulega inn sem kveikjur í leikinn.

Þátttaka barna: Fundin voru hlutverk fyrir börnin svo þau gætu tekið meiri þátt í starfi leikskólans. Börnin sýndu þessum hlutverkum, : Fataherbergisstjórar, Huggarar og Lubbastjórar, mikinn áhuga. Í þessum hlutverkum gátu þau hjálpað til við að halda leikskólanum okkar snyrtilegum. Huggararnir hjálpuðu svo þeim börnum sem þurftu aðstoð. Lubbastjórar sjá um að halda leikskólanum snyrtilegum með því að passa sérstaklega að bækur séu ekki á gólfum og séu settar á sinn stað.

Heilbrigði: Hljóðvist: Sett voru teppi á gólfinn þar sem kubbar eru og millihurð á deildinni lokuð alltaf þegar hægt var.

Tannverndarvika var haldin í mars í Engjaborg þar sem við fræddumst um góða tannhirðu.

Slökunnaræfingar í byrjun samveru hafa reynst vel hjá okkur og börnin eru farin að minna okkur á ef við gleymum þeim.

Félagsfærni og samkennd: Í hverri viku notum við Blæ bangsa til að setja okkur í spor annarra. Blær er táknmynd Vináttu sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti. Með bangsanum eru myndaspjöld sem hjálpa börnunum að ræða hvernig er að vera góður félagi, sýna vináttu, umhyggju virðingu og hugrekki.

Tækifæri

Málrækt: Ætlum að bæta við Gefðu 10 og spilastundum.

Skráningar: Skráningar í flæðibækur verða eflda og markvissar.

Leikefni: Höldum áfram að bjóða uppá nýtt leikefni m.t.t. áhuga barnanna og efniviður í list og sköpunarsvæði endurnýjaður reglulega.

Þátttaka barna og heilbrigði: Við ætlum að fara í fleiri vettvangferðir og vinna áfram með þær í starfi með börnunum, dýpka úrvinnslu með því að gera skráningar og hafa þær sýnilegar börnum, sækja námsefni sem tengjast ferðunum og hjálpar börnum við að vinna úr reynslunni og auka þekkingu sína.

2.2.3 Innra mat Austurengi

Styrkleikar

Skráningar: Skráningar hafa gengið mjög vel á deildinni. Allt starfsfólk Austurengis kann að gera skráningar í ferilmöppur barnanna og mikil gróska er í því starfi.

Jógastundir: Það hafa verið jógastundir í vetur og þær hafa gengið mjög vel. Börnin eru glöð í þeim stundum og taka flest virkan þátt.

Samverustundir: Ganga vel á Austurengi. Börnin taka þátt í að velja hvaða lag sem er sungið og þau eru sett fram með myndrænum tengingum. Þau börn sem ekki syngja, hlusta vel á félagi sína. Þannig lærir maður líka. Þar er líka farið yfir dagskipulag og lesið ásamt því að í þeim er notast við námsefnið Lubbi finnur málbein, Orð eru ævintýri og Blæ bangsa.

Málrækt og félagsfærni: Lögð hefur verið áhersla á skemmtilegar spilastundir og samtöl.


Sjálfsprottinn leikur: Gott rými hefur gefist fyrir leikinn og barnahópurinn er vel samstilltur og mikið hugarflæði sést í leik barnanna.

Tækifæri

Málrækt: Að efla notkun á sjónrænu skipulagi. Vinna betur með „Orð eru ævintýri“.

Flæðibækur: Að hvert barn taki þátt í gerð einnar flæðibókar á hvorri önn á næsta skólaári.

Sjálfsprottinn leikur: Að starfsfólk styðji við leik barna og þjálfist í að sjá tækifæri þar sem hægt væri að dýpka leik barnanna. Starfsfólk viti hvað er að gerast í leiknum og nýti það til að fá hugmyndir að efnivið og breyttu námsumhverfi. Við viljum hafa námsumhverfi fallegt og skipulagt þar sem kennarar og börn eiga auðvelt með að sjá og finna kveikjur inn í leik.



2.2.4 Innra mat Suðurengi

Styrkleikar

Málhljóðum Lubba var fjölgað úr fjórum í sex.

Samskipti og samstarf starfsfólks ganga mjög vel fyrir sig.

Námsumhverfinu var breytt og er deildin nú opnari og bjartari.

Námafni og bækur voru færðar í hæð barnanna og hafa bau nú aukin aðgang.

Tækifæri

Málrækt: Við ætlum að lesa fjölbreyttari bækur og auka notkun á ríkulegum orðaforða í samskiptum við börnin og í kringum þau.

Skráningar: Kenna þarf nýju starfsfólki og styðja það í gerð skráninga. Gerðar verða tvær flæðibækur á leikskólaárinu.

Sjálfsprotinn leikur: Að starfsfólk styðji við leik barna og þjálfist í að sjá tækifæri þar sem hægt væri að dýpka leik barnanna. Starfsfólk viti hvað er að gerast í leiknum og nýti það til að fá hugmyndir að efnivið og breyttu námsumhverfi.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

3.1 Umbótaáætlun Engjaborgar 2026-2027

Engjaborg	
Umbótaþáttur	Móttaka nýrra starfsmanna
Tækifæri til umbóta	Efla móttöku nýliða. Efla þekkingu nýrra starfsmanna á námskrá Engjaborgar
Aðgerðir til umbóta	Að innleiða notkun á „Móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Reykjavíkurborgar“ Að nýtt starfsfólk tileinki sér innihald og vinnuaðferðir námskrárinnar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2026 og stendur yfir skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Með könnun í lok leikskólaárs.
Viðmið um árangur	Að nýtt starfsfólk upplifi góða móttöku.

Engjaborg	
Umbótaþáttur	Hlutverk starfsfólks í leik
Tækifæri til umbóta	Efla þekkingu á leiknum sem aðalnámsleið leikskólabarna.
Aðgerðir til umbóta	Að allir starfsmenn tileinki sér þekkingu á leik sem námsleið. Fenginn fyrirlestur, farið yfir „Handbók um leik barna í leikskólum“.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2026 og stendur yfir skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Rýnihópar í fundaröð/á skipulagsdögum
Viðmið um árangur	Að allir starfsmenn búi yfir þekkingu um leikinn sem aðalnámsleið leikskólabarna.

Engjaborg	
Umbótaþáttur	Innra mat
Tækifæri til umbóta	Að innra mat verðir virkt og styðji okkur við að gera starfið öflugt.
Aðgerðir til umbóta	Endurvakið matsáætlun Engjaborgar, bæði í námskrá og matsáætlun sem fylgir starfsáætlun.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og matsteymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Er allt leikskólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Á reglulegum matsteymisfundum
Viðmið um árangur	Unnið verði eftir matsáætlun

Engjaborg	
Umbótaþáttur	Snemmtækur stuðningur, sjónrænt skipulag
Tækifæri til umbóta	Allt starfsfólk Engjaborgar þekki og vinni út frá sömu starfsaðferðum með öllum börnum
Aðgerðir til umbóta	Fræðsla á deildarfundum, eftirfylgd með leiðsögn
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og lýkur í maí
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum í nóvember og mars og á starfsdögum með starfsfólki og í lausnaleit með deildarstjórum





3.2 Umbótaáætlun Vesturengis 2026-2027

Vesturengi	
Umbótaþáttur	Málrækt
Tækifæri til umbóta	Efla málrækt
Aðgerðir til umbóta	Setja markvisst inn sögugerð með börnunum og nýta okkur sögugrunninn. Vinna dýpra með orð úr orðaspjalli. Einnig viljum við taka fastari tókum á markvissri málörvun og efla þannig hljóðkerfisvitund.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september -Lok maí
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið af starfsfólki og deildarstjóra í lok hvers mánaðar. Farið yfir hvernig má bæta.

Vesturengi	
Umbótaþáttur	Flæðibækur
Tækifæri til umbóta	Allt starfsfólk grípi tækifæri og skipuleggi gerð flæðibóka út frá þeim verkefnum sem verið er að vinna.
Aðgerðir til umbóta	Gerð verði áætlun um að vinna skipulega með könnunaraðferðina og gerð flæðibóka út frá því
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og er allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Í desember og apríl

Vesturengi	
Umbótaþáttur	Leikefni
Tækifæri til umbóta	Er að auka notkun á einingakubbunum og þeirri hugmyndafræði sem er á bak við það með þátttöku starfsfólks.
Aðgerðir til umbóta	Áhersla verður lögð á að starfsfólk verði virkir þátttakendur og útvíkki þekkingu sína og barnanna á efniviðnum. Dýpka leik með því að nýta könnunaraðferð, vettvangsferðir myndir af byggingum og fleira sem ítarefni.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í ágúst og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Með gerð skráninga og flæðibóka sem skoðaðar eru með börnunum og metnar á 8 vikna fresti

Vesturengi	
Umbótaþáttur	Sjálfsprottin leikur
Tækifæri til umbóta	Að starfsfólk styðji við leik barna, séu meiri þátttakendur og sjá þannig fleiri tækifæri til þessa að dýpka leikinn ásamt því að fá hugmyndir að auknum efnivið og breyttu námsumhverfi
Aðgerðir til umbóta	Með virkri þátttöku starfsfólks í leik barnanna. Starfsfólk þjálfar sig í að vera virkt í leik með börnunum.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst – júní
Hvenær og hvernig á að meta?	Gera skráningar fyrir ferilmöppur barnanna og metið á átta vikna fresti með því að skoða ferilmöppur barnanna með börnunum.





3.3 Umbótaáætlun Norðurengis 2026-2027

Norðurengi	
Umbótaþáttur	Málrækt - Gefðu 10
Tækifæri til umbóta	Að auka samtal og samskipti allra starfsmanna og allra barna. Fjölgja og jafna námstækifæri
Aðgerðir til umbóta	Gerð verður áætlun eftir aðferðinni „Gefðu 10“
Ábyrgð	Deildarstjóri/starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóv - maí
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum 2 á önn, tékklisti -
Viðmið um árangur	80% daganna nái starfsfólk að sinna þessu verkefni

Norðurengi	
Umbótaþáttur	Málrækt - Reglulegar spílastundir- félagsfærni, málörvun
Tækifæri til umbóta	Að börnin öðlist færni í spílum og efli einbeitingu, samskipti og þolinmæði.
Aðgerðir til umbóta	2x í viku eru skipulagðar spílastundir
Ábyrgð	Starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - maí
Hvenær og hvernig á að meta?	Tékklistar og á deildarfundum 2 á önn
Viðmið um árangur	Að öll börn fái amk. eina spílastund í viku

Norðurengi	
Umbótaþáttur	Vettvangsferðir- heilbrigði og þátttaka barna
Tækifæri til umbóta	Að börnin kynnist sínu nánasta umhverfi og vinni nánar með ferðirnar með því að gera skráningar og hafa þær sýnilega, sækja námsefni sem tengjast ferðunum og hjálpa börnum að vinna úr reynslunni og auka þekkingu sína
Aðgerðir til umbóta	Farnar verða vikulegar gönguferðir og unnið úr ferðum þess á milli
Ábyrgð	Starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í september og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Einu sinni í mánuði á deildarfundum og desember og apríl
Viðmið um árangur	Ein ferð vikulega – helmingur eða allur barnahópurinn í senn

Norðurengi	
Umbótaþáttur	Skráningar - Flæðibækur
Tækifæri til umbóta	Að starfsfólk öðlist færni í að gera Flæðibækur
Aðgerðir til umbóta	Gerðar verða flæðibækur út frá vettvangsferðum og könnunaraðferðinni
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - apríl
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum í desember og apríl
Viðmið um árangur	Að hvert barn taki þátt í amk. tveim Flæðibókum





3.4 Umbótaáætlun Austurengis 2026-2027

Austurengi	
Umbótaþáttur	Málrækt
Tækifæri til umbóta	Efla notkun sjónræns skipulags og vinna með „Orð eru ævintýri“
Aðgerðir til umbóta	Bæta inn í skipulögð vinnubrögð starfsmanna og vinna með námsefni sem tengist „Orð eru ævintýri“
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst – út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Í lok mánaðar á deildarfundum og sérstaklega í nóv og mars
Viðmið um árangur	Að allir starfsmenn tileinki sér skipulögð vinnubrögð með sjónrænt skipulag og nýti námsefni „Orð eru ævintýri“.

Austurengi	
Umbótaþáttur	Hreyfistundir
Tækifæri til umbóta	Auka skipulagða hreyfingu barna á deildinni undir stjórn kennara
Aðgerðir til umbóta	Búið er að útbúa áætlun um hreyfistundir og markmið sem eiga að nást. Hvert barn fer í hreyfistund 1x í viku
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og er til lok maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Á þriggja mánaða fresti, á deildarfundum og með börnunum.
Viðmið um árangur	Að börnum líði vel og taki framförum í hreyfingu.

Austurengi	
Umbótaþáttur	Skráningar - Flæðibækur
Tækifæri til umbóta	Að starfsfólk öðlist færni í að gera Flæðibækur
Aðgerðir til umbóta	Gerðar verða flæðibækur út frá vettvangsferðum og könnunaraðferðinni
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - apríl
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum í des og apríl
Viðmið um árangur	Að hvert barn taki þátt í amk. tveim Flæðibókum

Austurengi	
Umbótaþáttur	Sjálfsprottinn leikur - leikefni
Tækifæri til umbóta	Að börn fái tækifæri til að efla ímyndunaraflið sitt og að starfsfólk komi með kveikjur til að efla hugarflugið með því að vera virkir þátttakendur í leik barna
Aðgerðir til umbóta	Að starfsfólk viti hvað er að gerast í leiknum og nýti það til að fá hugmyndir að efnivið og breyttu námsumhverfi.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September- út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Leikskráningar og endurmat á þeim á 8 vikna fresti
Viðmið um árangur	Að starfsfólk séu virkir þátttakendur í leik barna og vinni með börnum að nýta sér opinn efnivið, efla hugarflugið og ná góðu hugarflæði í leik.



3.5 Umbótaáætlun Suðurengis 2026-2027

Suðurengi	
Umbótaþáttur	Málrækt
Tækifæri til umbóta	Auka markvissa málörvun í litlum og fámennum samverustundum
Aðgerðir til umbóta	Hafa fámennari samverustundir í litlum hóp og taka upp flæðilestur
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst – út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Endurmetið á deildarfundum einu sinni í mánuði.
Viðmið um árangur	Að starfsfólk kveiki áhuga barnanna, vandi mál sitt og notist við ríkulegan orðaforða í samskiptum við börnin

Suðurengi	
Umbótaþáttur	Skráningar
Tækifæri til umbóta	Efla starfsfólk í gerð skráninga og flæðibóka
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjóri styðji og leiðbeini sýnu starfsólki
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – út allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Endurmetið á deildarfundum á 8 vikna fresti
Viðmið um árangur	Að starfsfólk eflist í gerð skráninga

Suðurengi	
Umbótaþáttur	Sjálfsprottinn leikur - leikefni
Tækifæri til umbóta	Að börn fái tækifæri til að efla ímyndunarafli sitt og að starfsfólk setji orð á athafnir og leik barnanna, verði orðaforða fréttaritari
Aðgerðir til umbóta	Að starfsfólk sé nálægt börnunum og viti hvað er að gerast í leiknum og nýti það til að baða þau í ríkulegum orðaforða.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September- út skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á deildarfundum á 4 vikna fresti
Viðmið um árangur	Að starfsfólk sé virkt í að auka ríkulegt málumhverfi barnanna, baði þau í orðum og séu virkir þátttakendur í leik



4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í maí 2026 í húsnæði Engjaborgar.

Á liðnu skólaári sótti starfsfólk fræðslu á skipulagsdögum og á Torginu. Á haustönn sat allt starfsfólk leikskólans skyndihjálparnámskeið á starfsdegi í leikskólanum, námskeið um matvælaöryggi á Torginu og námskeið um vinnulag við líkamsbeitingu utan skrifstofunnar á haustönn. Á vorönn horfðu allir á „Frá tabú til trausts á Torginu. Á skipulagsdegi í apríl kom sérkennsluráðgjafi úr Austurmiðstöð og var með fræðslu um myndrænt skipulag og PECS.

Starfsfólk sótti ýmis námskeið á leikskólaárinu eins og réttindanámskeið um PECS, Réttindarnámskeið í tengslafræði CAPA (The Child Attachment and Play Assessment) og einn starfsmaður lauk örnámi í Farsæld barna. Einnig er starfsfólk í námi sem snýr að leikskólastarfinu, einn að ljúka bakkalárgráðu í leikskólakennarafræðum, einn kláraði annað árið í leikskólakennarafræðum og sá þriðji lauk öðru ári í þroskaþjálfarafræðum.

Næsta leikskólaár ætlum við að beina kastljósinu að leiknum og hlutverki starfsfólks í leik barna. Áfram verður Torgið nýtt til að sameina þekkingu starfsmanna á námskeiðum sem Reykjavíkurborg setur sem skyldu fyrir hvern starfsmann og það sem leikskólinn leggur áherslu á.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Á næsta leikskólaári verður lögð áhersla á leikinn sem helsta námsleið barna og hlutverk starfsfólks í leiknum. Við fáum fræðslu um leikinn á starfsdögum og ætlum að stofna lærdómssamfélag og lesa „Handbók um leik barna í leikskólum“ sem jafnframt verður rædd og unnið með á starfsdögum.

Gera þarf læsisáætlun í Engjaborg og gert er ráð fyrir að starfsdagar verði notaðir í vinnslu á henni og þá jafnframt um málrækt.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í upphafi skólaárs gera Engjaborg, Engjaskóli og Brosbær áætlun um samstarf. Lögð er áhersla á að heimsóknir séu á báða bóga, þ.e. nemendur Engjaskóla koma í heimsókn í Engjaborg (sem er oft gamli leikskólinn þeirra) og elstu börnin í Engjaborg fara í heimsóknir í Engjaskóla og Brosbæ. Ákveðin verkefni eru unnin með leikskólabörnunum í Engjaskóla og þannig kynnast þau grunnskólanum og frístundaheimilinu smátt og smátt. Ábyrgðarmaður er sérkennslustjóri.



7. Foreldrasamstarf

Ný foreldrahandbók hefur litið dagsins ljós. Hún verður send á alla nýja foreldra og nýtt til upprifjunar í reglulegum pistlum. Í fyrsta samtali fá foreldrar lítinn bækling þar sem búið er að taka saman helstu upplýsingar um Engjaborgar.

Við leikskólann er kröftugt foreldrafélag og foreldraráð en það mun vanta nýliða í haust. Auglýst verður eftir nýliðum á foreldrafundi í byrjun september. Foreldrasamtöl verða á dagskrá í nóvember og apríl en foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali við sinn deildarstjóra. Reglulegir viðburðir þar sem foreldrum er boðið að njóta með okkur munu halda sér næsta vetur og eru aðgengilegir á skóladagatali og Námskrá Engjaborgar.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

	Dagskrá	
30. sept	Leikskólaárið undirbúið Farið yfir samskiptasáttmála og málstefnu Engjaborgar Uppeldisfræðileg stefna Engjaborgar Leggja grunn að Læsisáætlun	
27. nóvember	Leikurinn sem helsta námsleið barna Starfsaðferðir með börnum	Sameiginlegur í Austurmiðstöð
5. febrúar	Málefni líðandi stundar	Sameiginlegur í Austurmiðstöð
23. apríl	Námsferð	
26. apríl	Námsferð	
27. apríl	Menntastefnumót	Sameiginlegur í Reykjavík

9. Fylgiskjöl:

9.1 Skóladagatal



Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: **Engjaborg**

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRIL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fúlveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M	Málræktarmánuður	1 F		1 L	Verakiýðsdagurinn	1 Þ		1 F	
2 S		2 M		2 F		2 M	Málræktarmánuður	2 M	Foreldrakaffi	2 L		2 Þ		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 F	
3 M	Fridagur verslunarmarknaðar	3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 L	
4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 F		4 M		4 F		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 S	
5 M		5 L		5 M		5 F		5 L		5 Þ		5 F	Dagur leikskólans Sameiginlegur	5 F		5 M		5 M		5 L		5 M	
6 F	Opnum aftur eftir sumarlokun	6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Prettándinn Vasaljósdagur	6 L	Dagur tónlistarskólans	6 L		6 Þ		6 F	Uppstigningardagur	6 S	Sjómanna dagurinn	6 Þ	
7 F		7 M		7 M		7 L		7 M		7 F		7 S		7 S		7 M		7 F		7 M		7 M	
8 L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ		8 F		8 M	Bolludagur	8 M		8 F		8 L		8 Þ		8 F	
9 S		9 M		9 F		9 M		9 M		9 L		9 Þ	Sprengidagur	9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F	
10 M		10 F		# L		10 Þ		10 F	Jólaball	10 S		10 M	Óskudagur	10 M		10 L		10 M		10 F	Skólasit grunnskóla	10 L	
11 Þ		11 F		# S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11 M		11 F		11 M		11 F	Dagur íslenska táknmálsins	11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S	
12 M		12 L		# M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 F		12 M		12 M		12 L		12 M	
13 F		13 S		# Þ		13 F		13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F	Vorhátíð	13 S		13 Þ	
14 F		14 M		# M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 S	Dagur stærðfræðinnar	14 M		14 F		14 M		14 M	
15 L		15 Þ		# F		15 S		15 Þ		15 F		15 M		15 M		15 F	Opið Hús	15 L		15 Þ		15 F	
16 S		16 M	Dagur íslenskrar nátt	# F		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 L		16 Þ		16 Þ		16 F		16 S	Hvítasunnudagur	16 M	Skrúðganga	16 F	
17 M		17 F		# L		17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 M		17 L		17 M	Annar í Hvítasunnu	17 F	Lyðveldisdagurinn	17 L	
18 Þ		18 F		# S		18 M		18 F	Náttfatadagur bókaþið	18 M		18 F	Konukaffi	18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S	
19 M		19 L		# M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 F		19 M		19 M		19 L		19 M	
20 F	Útskrift elstu barna	20 S		# Þ		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ		20 F		20 S		20 Þ	
21 F		21 M		# M		21 L		21 M		21 F	Bóndakaffi	21 S	Konudagur - upphaf	21 S	Pálmasunnudagur	21 M		21 F	Umhverfis dagur	21 M		21 M	
22 L		22 Þ		# F	Skráningardagur	22 S		22 Þ		22 F	Bóndadagur - upphaf þorra	22 M	Skráningardagur	22 M	Skráningardagur	22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ		22 F	
23 S		23 M		# F	Skráningardagur	23 M		23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ	Skráningardagur	23 Þ	Skráningardagur	23 F	Skipulagsdagur	23 S		23 M		23 F	
24 M	Skólaásetning grunnskóla	24 F		# L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M	Skráningardagur	24 L		24 M		24 F		24 L	
25 Þ		25 F		# S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F		25 F	Skirdagur	25 S		25 Þ		25 F		25 S	
26 M		26 L	Evrópski tungumálad.	# M	Skráningardagur	26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F		26 F	Föstudagurinn langi	26 M	Skipulagsdagur	26 M		26 L		26 M	
27 F		27 S		# Þ		27 F		27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ	Mennlastefnumót	27 F		27 S		27 Þ	
28 F		28 M		# M		28 L		28 M	Skráningardagur	28 F		28 S		28 S		28 M		28 F		28 M		28 M	
29 L		29 Þ		# F		29 S		29 Þ	Skráningardagur	29 F				29 M	Annar í Páskum	29 F		29 L		29 Þ		29 F	
30 S		30 M	Skipulagsdagur Sameiginlegur	# F		30 M		30 M	Skráningardagur	30 L				30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F	
31 M				# L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M				31 L	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

9.2 Matsáætlun Engjaborgar

MATSÁÆTLUN ENGJABORGAR 2026-2027

2026-2027

	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái
Mat á námi og velferð barna	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2 Hæfniramma	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2 Hljóm2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2 Hæfniramma	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2 Hljóm2	Uppeldisfræðilegar skráningar í ferilmöppu barnsins Efi2
Samskipi	Gæðamálörvun	Ég og börnin	Vinatengsl		Ég og foreldrar	Ég og börnin	Vinatengsl	Gæðamálörvun	
Úr Starfsáætlun Engjaborg 2026-2027	Innra mat bls. Málrækt Leikefni Spilastundir Hreyfistundir Málrækt Skráningar	Innra mat Starfsfólk í leik Málrækt Sjálfsprottin Gefðu 10 Sjálfsprottin leikur Málrækt leikefni	Innra mat Snemmtækur Málrækt Leikefni Spilastundir Málrækt Skráningar	Innra mat Málrækt Flæðibækur Sjálfsprottin Gefðu 10 Vettvangsferðir Flæðibækur Hreyfistundir Flæðibækur Málrækt leikefni	Innra mat Starfsfólk í leik Málrækt Leikefni Spilastundir Sjálfsprottin leikur Málrækt Skráningar	Innra mat Málrækt Sjálfsprottin Gefðu 10 Málrækt leikefni	Innra mat Starfsfólk í leik Snemmtækur Málrækt Leikefni Spilastundir Málrækt Málrækt Skráningar	Innra mat Málrækt Flæðibækur Sjálfsprottin Gefðu 10 Vettvangsferðir Flæðibækur Hreyfistundir Flæðibækur Málrækt leikefni	Innra mat Móttaka nýrra starfsmanna Starfsfólk í leik Málrækt Leikefni Spilastundir Sjálfsprottin leikur Málrækt Skráningar
Símat	Stjórnteymisf Deildarstjóra Deildarfundir	Stjórnteymisf Deildarstjóra Deildarfundir Skráningar	Stjórnteymisf Deildarstjóra Deildarfundir Fundarröð	Stjórnteymisf Deildarstjóra Deildarfundir	Stjórnteymisf Deildarstjóra Deildarfundir	Stjórnteymisf Deildarstjóra Deildarfundir Skráningar	Stjórnteymisf Deildarstjóra Deildarfundir	Stjórnteymisf Deildarstjóra Deildarfundir Fundarröð	Stjórnteymisf Deildarstjóra Deildarfundir Skráningar
Teymisfundir	Matsteymi Málræktarteymi Flæðisteymi	Matsteymi Vináttuteymi Umhverfisteymi Útiveruteymi	Matsteymi Könnunaraðferðin Málræktarteymi	Matsteymi Leikurinn Matartímateymi	Matsteymi Flæðisteymi Umhverfisteymi	Matsteymi Könnunaraðferðin Leikurinn	Matsteymi Málræktarteymi Vináttuteymi	Matsteymi Matartímateymi Útiveruteymi	Matsteymi Flæðisteymi
Barna teymi	Samverustundir	Vinátta	Flæðibækur	Leikurinn	Flæðið	Leikurinn	Bækur og sögur	Útivera	Útiflæði
Gátlisti Mennta	Sjálfræði	Félagsfærni	Læsi	Sköpun	Læsi	Félagsfærni	Læsi	Heilbrigði	Sjálfræði



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

F. h. Leikskólans Engjaborg

Ólafur Jónsson

Leikskólastjóri

Dagsetning **15.06.2026**



9.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Engjaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Agnes Björg Kristjánsdóttir

Hanna Rún Ragnarsdóttir

Valdís María Einarsdóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans





Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

-Já, við teljum það.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

-Já, hún er vel sett upp og auðvelt að finna það sem leitað er að.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

-Já, vel er farið í að útskýra einstaka verkfæri, áherslur og stefnur.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

-Nei, vel unnin starfsáætlun.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Agnes



